Valreglur landsliða – Skíðafimi 2027–2028

A-landslið

1. Val
Val í landsliðið fer fram í maí ár hvert.

2. FIS-viðmið
- Karlar skulu vera í sæti 180 eða lægra á FIS-lista í brettastíl (slopestyle) / risastökki (big air).
- Konur skulu vera í sæti 60 eða lægra á FIS-lista í brettastíl (slopestyle).

3. Hæfniviðmið
Iðkendur skulu sýna fyrirfram ákveðna hæfni í SS/BA á úrtaksæfingu eða með myndbandi, eftir því sem við á. Nánari hæfniviðmið eru á bls. 2.

4. Þrek- og styrktarpróf
Iðkendur skulu taka þrek- og styrktarpróf einu sinni á ári (vor/sumar).

5. Samsetning liðs
Fjöldatakmörkun er tveir keppendur með lægstu punkta (konur og karlar saman).

6. Fyrirvari
Snjóbrettanefnd áskilur sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem upp geta komið.

B-landslið

1. Val
Val í landsliðið fer fram í maí ár hvert.

2. FIS-viðmið
- Karlar skulu vera í sæti 250 eða lægra á FIS-lista í brettastíl (slopestyle) / risastökki (big air).
- Konur skulu vera í sæti 90 eða lægra á FIS-lista í brettastíl (slopestyle).

3. Hæfniviðmið
Iðkendur skulu sýna fyrirfram ákveðna hæfni í SS/BA á úrtaksæfingu eða með myndbandi, eftir því sem við á. Nánari hæfniviðmið eru á bls. 2.

4. Þrek- og styrktarpróf
Iðkendur skulu taka þrek- og styrktarpróf einu sinni á ári (vor/sumar).

5. Samsetning liðs
Fjöldatakmörkun er tveir keppendur með lægstu punkta (konur og karlar saman).

6. Fyrirvari
Snjóbrettanefnd áskilur sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem upp geta komið.

Almenn skilyrði
- Iðkendur sem ná A- eða B-landsliðsviðmiðum á FIS-lista verða að sýna fram á að þeir hafi fyrirfram ákveðna hæfni í SS/BA á úrtaksæfingu eða með því að senda inn myndband, eftir því sem við á.
- Takist iðkanda sem hefur náð A-liðsviðmiðum ekki að sýna fram á þá hæfni sem þarf til að fá sæti í A-liði getur hann hlotið sæti í B-liði, að því gefnu að hann uppfylli hæfniviðmið B-liðs.
- Iðkendur sem valdir eru í A- og B-landslið skulu taka þrek- og styrktarpróf einu sinni á ári (vor/sumar). Sé iðkandi í óviðunandi líkamlegu formi getur það leitt til þess að hann missi sæti sitt í liðinu.

Hæfnisviðmið

A-landslið karlar

Á pöllum (BA)

720° í tvær mismunandi áttir, 900° í tvær áttir og/eða 1080° í eina (á 10 m+ pöllum).

Á railum (SS)

- Tvö mismunandi 180° á rail.
- Tvö mismunandi 360° af raili.
- Tvær mismunandi útgáfur af slide og 270° af raili.

Öll hæfniviðmið skulu uppfyllt við keppnisstaðla.

A-landslið konur

Á pöllum (BA)

360° í tvær mismunandi áttir og 540° í tvær áttir og/eða 720° í eina (á 8 m+ pöllum).

Á railum (SS)

- Ein útfærsla af 180° á rail.
- Ein útfærsla af 360° af raili.
- Ein útfærsla af slide og 270° af raili.

Öll hæfniviðmið skulu uppfyllt við keppnisstaðla.

B-landslið karlar

Á pöllum (BA)

540° í tvær mismunandi áttir, 720° í tvær áttir og/eða 900° í eina (á 10 m+ pöllum).

Á railum (SS)

- Ein útfærsla af 180° á rail.
- Ein útfærsla af 360° af raili.
- Ein útfærsla af slide og 270° af raili.

Öll hæfniviðmið skulu uppfyllt við keppnisstaðla.

B-landslið konur

Á pöllum (BA)

360° í tvær mismunandi áttir og 540° í eina (á 8 m+ pöllum).

Á railum (SS)

- Ein útfærsla af 180° á rail.
- Ein útfærsla af 360° af raili.
- Ein útfærsla af slide og 270° af raili.

Öll hæfniviðmið skulu uppfyllt við keppnisstaðla.